

Alþingi  
Erindi nr. þ 139/1434  
komudagur 22.2.2011

Til efnahags- og skattanefndar Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald  
frá Markaðsstofu Austurlands**

Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald með það að markmiði „að afla tekna til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Jafnframt að afla tekna til þess að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins.“

Stjórn Markaðsstofu Austurlands (MA) telur réttlætanlegt að skattleggja ferðamenn, innlenda sem erlenda, með þessum hætti svo fremi sem tekjur ríkissjóðs af gjaldtökunni renni óskiptar til Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 3/5 renni í þann sjóð en 2/5 verði ráðstafað af fjárlögum til þjóðgarða og friðlýstra svæða. Stjórn MA telur ótækt að 40% af þessum tekjustofni séu með þessu móti tekin út fyrir Framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar og inn í afgreiðslu fjárlaga til ráðstöfunar í verkefni sem nú þegar er á ábyrgð ríkisins að fjármagna. Eðlilegt hlýtur að teljast að tekjurnar fari óskiptar í Framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar þar sem þeim verði úthlutað faglega til brynna verkefna, þ.á m. til uppbyggingar á þjónustu og aðbúnaði í þjóðgördum og á friðlýstum svæðum.

Stjórn MA er fylgjandi þeirri leið sem valin hefur verið til innheimtunnar, þ.e. að fara blandaða leið farþegagjalds og gistináttagjalds. Á hinn bóginn telur stjórnin að flækjustig gjaldtökunnar sé of mikið eins og frumvarpið mælir fyrir um. Hætta er á að umsýslukostnaður verði til þess að lítið verði eftir til framkvæmda eftir því sem gjaldtakan er flóknari.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir 6 flokkum af farþegagjaldi sem byggja á vegalengd ferðar. Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins kemur fram að það sé „málefnalegt“ að menn greiði mismikið eftir því hve löng ferðin er. Að mati stjórnar MA er erfitt að færa rök fyrir því að þeir ferðamenn sem koma lengra að greiði hærri „skatt“ til íslenska ríkisins heldur en þeir sem koma um skemmri veg. Vart getur talist til raka í málinu að gjaldið sé einskonar hlutfall af fargjaldinu sjálfu enda eru önnur gjöld sem innheimt eru af farþegaflutningum miðuð við fasta krónutölu. Ef markmiðið er að lægra gjald sé á ferðum innanlands ætti að nægja að hafa tvo gjaldflokka sem tækju mið af vegalengd.. Einfaldast er þó líklega að gjaldið sé hlutfall af brottfarargjaldi (departure tax). Þannig mætti leggja á 20% á brottfarargjöld hafna- og flughafna landsins. Með því móti verða gjöld tengd innanlandsflugi mun lægri en millilandaflugi. Slík innheimta stenst líka jafnræðisreglu og tryggir jafnari gjaldheimtu á farþega sem koma til landsins með skipum og flugvélum.

Í 3. gr. er kveðið á um gistináttgjald verði tvískipt, 100 kr. fyrir gistinótt á hótélum og 50 kr. á öðrum gististöðum. Í 5. gr. er nánari útlistun á undanþágum frá þessari gjaldtöku og frekari skýringar í athugasemdum um 5. gr. sem fylgja frumvarpinu. Samkvæmt því falla tjaldsvæði ekki undir skilgreiningu laganna. Að mati stjórnar MA er hér enn og aftur verið að búa til óþarfa flækjustig og að auki mismuna ferðamönnum við gjaldtöku eftir því hvort þeir gista á hóteli, farfuglaheimili eða á tjaldsvæði eða í húsbíl, svo dæmi sé tekið. Er réttlætanlegt að einstaklingur sem kemur og dvelur í sjö nætur í Reykjavík greiði 700 kr. í gistináttgjald en sjö manna fjölskylda sem kemur á húsbíl með Norrænu til Seyðisfjarðar og ferðast í mánuð um landið milli tjaldsvæða greiði ekki krónu umfram þær sem felast í farþegagjaldi?


Stjórn MA leggur til að gistináttgjald verði í einum gjaldflokki óháð hvernig gistingu sé um að ræða og tjaldsvæði verði ekki undanþegin þó að útfærsla þess á tjaldsvæðum geti orðið með öðrum hætti, t.d. á hvern húsbíl eða tjald. Önnur einföld útfærsla væri að binda þetta gjald ekki við höfðatölu heldur gisteiningar, þ.e. á hvert útleigt herbergi, tjald, fellihýsi, húsbíl o.s.frv.

Í 4. gr. eru meðal annars skilgreindar undanþágur vegna aldurs ferðamanna. Eðlilega er ekki gert ráð fyrir að börn yngri en tveggja ára greiði þessi gjöld en vandséð er hvað unnið er með að hafa hálf gjald á 2-12 ára. Að mati stjórnar MA býr sú skilgreining aðeins til enn eitt flækjustigið í kerfið. Börn eru ferðamenn framtíðarinnar og miklar lýkur á að þau heimsæki landið aftur þegar þau verða fullorðin. Stjórn MA leggur því til að börn 12 ára og yngri séu undanþegin gistináttgjaldi og farþegagjaldi.

Að lokum ítrekar stjórn Markaðsstofu Austurlands mikilvægi þess að góð sátt náist við ferðapjónstuna um þessa gjaldtöku því að ljóst er að innheimta gjaldanna byggir m.a. á skilvísi ferðapjónustuaðila.

Egilsstöðum 17. febrúar 2011

Virðingarfyllt



Skúli Björn Gunnarsson  
form. Markaðsstofu Austurlands